



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Stjórnir landshlutasamtaka sveitarfélaga

Reykjavík 6. ágúst 2020

2005046SA AGB/KB

Málalýkill: 01.80

Efni: Fulltrúar landshlutasamtaka í stafrænt ráð sveitarfélaga

Samkvæmt lið 3.5.2. í stefnumörkun sambandsins fyrir kjörtímabilið 2018-2022 skal unnið að því að koma á miðlægu samstarfi sveitarfélaga til að auðvelda þeim að verða virkir þátttakendur í stafrænni framþróun og nýta nútímatækni til að bæta þjónustu og samskipti við íbúana.

Til að vinna að þessu markmiði hóf störf hjá sambandinu í október sl., með stuðningi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, Fjóla María Ágústsdóttir sem var ráðin sem breytingastjóri stafrænnar framþróunar í tímabundið starf.

Á fundi stjórnar sambandsins 12. júní sl. var kynnt áfangaskýrsla um stöðu málsins og samþykkti stjórnin hugmyndir um næstu skref og *enn fremur að kanna afstöðu landshlutasamtaka sveitarfélaga til að tilnefndir verði fulltrúar landshlutanna og Reykjavíkurborgar inn í stafrænt ráð til að styðja við stefnumótun og forgangsröðun um stafræna framþróun sveitarfélaga og að til verði samstarf sveitarfélaga á landsvísu um þau mál.*

Undirritaður átti, ásamt breytingastjóra og sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs, fund þann 29. júní sl. með framkvæmdastjórum landshlutasamtakanna um málið. Niðurstaða fundarins var sú að sambandið myndi senda stjórnnum landshlutasamtaka formlegt bréf með beiðni um að hver landshlutasamtök tilnefni einn fulltrúa í stafrænt ráð sveitarfélaga.

Hugmynd um stafrænt ráð skipað fulltrúum landshluta styðst við norska fyrirmynd. Ráðið á að vera ráðgefandi við stefnumótun og ákvörðunartöku sambandsins um samstarf sveitarfélaga í stafrænum málum og hagsmunagæslu þess gagnvart ríki og birgjum. Gert er ráð fyrir að fulltrúar landshlutasamtaka í stafræna ráðinu miðli upplýsingum um stöðu stafrænna mála í landshlutunum og upplýsingum um viðhorf sveitarstjórna í landshlutunum til sameiginlegra aðgerða. Fulltrúar landshlutasamtakanna verði tilnefndir úr hópi framkvæmdastjóra sveitarfélaga í hverjum landshluta eða kjörinna fulltrúa. Mikilvægt er að þeir séu áhugasamir um stafræna framþróun og samstarf sveitarfélaga um þau mál. Gert er ráð fyrir að þeir velji sér til stuðnings, í samráði við landshlutasamtökin, starfsmann sveitarfélags í viðkomandi landshluta sem er með góða þekkingu á stafrænum málum. Starfsmaðurinn mun taka þátt í starfi faghóps sem mun veita stafræna ráðinu faglegan stuðning. Gert er ráð fyrir að ráðið og faghópurinn fundi fyrst og fremst á vefnum og því verði óverulegur kostnaður af því að taka þátt í starfi ráðsins og

hópsins. Gert er ráð fyrir að viðkomandi landshlutasamtök beri ábyrgð á hugsanlegum útgjöldum vegna þátttöku fulltrúa þeirra í starfi ráðsins.

Drög að erindisbréfi fyrir ráðið, dags. 6. ágúst 2020, fylgja hér með, en gert er ráð fyrir að endanlegt erindisbréf verði staðfest af stjórn sambandsins.

Ef nánari upplýsinga er þörf þá vinsamlegast hafið samband við Fjólu Maríu Ágústsdóttur, breytingastjóra stafrænnar framþróunar, eða Önnu Guðrínu Björnsdóttur, sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Drög 6. ágúst 2020

Mál 2005046SA

Erindisbréf fyrir stafrænt ráð sveitarfélaga

Hlutverk og skipan

Hlutverk ráðsins er að:

- styrkja samstarf sambandsins við sveitarfélög um stafræna framþróun þeirra og styðja við vinnu sambandsins þar að lútandi.
- skapa traustari grunn fyrir markvissa forgangsröðun samstarfsverkefna sveitarfélaga um stafræna framþróun og hagsmunagæslu sambandsins fyrir þeirra hönd, sérstaklega gagnvart ríki og hugbúnaðarfyrirtækjum.
- stuðla að samhæfðri vinnu sveitarfélaga að stafrænni framþróun.

Ráðið er ráðgefandi við stefnumótun og ákvarðanatöku sambandsins um samstarfsverkefni sveitarfélaga í stafrænum málum og hagsmunagæslu þess á því sviði

Ráðið skal skipað níu fulltrúum sem stjórn sambandsins skipar fyrir hvert kjörtímabil samkvæmt tilnefningum landhlutasamtaka sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar.

Fulltrúar landshlutasamtakanna skulu tilnefndir úr hópi framkvæmdastjóra sveitarfélaga í hverjum landshluta eða kjörinna fulltrúa. Gert er ráð fyrir að þeir muni njóta stuðnings frá starfsmanni sveitarfélags í viðkomandi landshluta sem er með góða þekkingu á stafrænum málum. Starfsmaðurinn starfi með faghópi sem mun veita stafræna ráðinu faglegan stuðning. Fulltrúar landshlutasamtaka skulu miðla upplýsingum um stöðu stafrænna mála í landshlutunum til sambandsins og upplýsingum um viðhorf sveitarstjórna í landshlutunum til sameiginlegrar stefnumótunar og hugmynda um samstarfsverkefni. Sé eftir því leitað aðstoða þeir einnig við að finna þátttakendur innan sveitarfélaga í stafræn verkefni og við að fylgja á eftir stafrænum samstarfsverkefnum í landshlutunum.

Helstu verkefni:

- Taka þátt í undirbúningi stefnumörkunar sambandsins um stafræna framþróun sveitarfélaga og undirbúningi samstarfsverkefna sveitarfélaga.
- Leggja mat á forgangsröðun stafrænna þróunarverkefna sveitarfélaganna og gera tillögur um forgangsröðun og stjórnunar- og fjármögnunarfyrirkomulag til stjórnar sambandsins.
- Styðja við vinnu sambandsins er snýr að miðlægu samstarfi sveitarfélaga um stafræna þróun og vinnu þess að eftirfylgni samstarfsverkefna.
- Vekja athygli á stafrænum málum sem ráðið telur að þarfnist úrlausnar.
- Vera til ráðgjafar við undirbúning stærri viðburða sambandsins í sviði stafrænnar þróunar.
- Styðja við umsagnagerð sambandsins um stefnumótun og laga- og reglugerðarsetningu ríkisins sem tengist stafrænni framþróun.

Boðun funda og fundargerðir:

Fundir ráðsins skulu vera 5-6 ár hvert. Breytingastjóri stafrænnar framþróunar hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga boðar fundi með skriflegri dagskrá með hæfilegum fyrirvara og eru fundir haldnir eftir fremsta megni á netinu. Breytingastjóri stafrænnar þróunar stjórnar fundum ráðsins og gengur frá fundargerð í samráði við fundarmenn. Afstaða, ráð og tillögur sem fram koma í ráðinu um stafræn verkefni skulu vera sérstaklega tekin fram í fundarpunktum og þær lagðir fyrir stjórn sambandsins til kynningar eða eftir atvikum birtar á heimasíðu sambandsins.

Hugmyndir um verkefni stafræns faghóps sveitarfélaga til stuðnings stafræns ráðs sveitarfélaga:

- Samanstendur af fulltrúm/sérfræðingum í stafrænum málum frá öllum landshlutum
- Fundar 8-12 sinnum á ári
- Stafrænn faghópur stuðlar að greiningu á stöðu stafrænna mála sveitarfélaga og þekkir stöðu sveitarfélaga í stafrænum málum
- Kemur með tillögur að málum sem ráðið ætti að fjalla um
- Undirbýr og setur fram mál fyrir ráðið
- Tekur þátt í sameiginlegum fundum faghópsins og ráðsins
- Getur kallað inn sérfræðinga í málaflokkum sveitarfélaga til að dekkja ólík þekkingarsvið
- Vinnur að þekkingarmiðlun til sveitarfélaga til stuðnings samvinnu sveitarfélaga í stafrænum málum
- Veitir upplýsingagjöf og fræðslu á stafraent.samband.is um stafræn verkefni
- Breytingastjóri stafrænnar framþróunar hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga hefur umsjón með starfi hópsins